

3. flokkur:

Gjald kr. 400.00 fyrir hver 1 000 kg:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, snyrtivörur.
- c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. flokkur:

Gjald kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. flokkur:

Gjald 1% af aflaverðmæti:

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæli aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Aflagjald skal koma til framkvæma í tveim áföngum, þannig að á árinu 1973 verði það 0.5%, en frá 1.1. 1974 1%.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Landshöfn í Keflavík og Njarðvík, nr. 52 26. marz 1971.

1. gr.

30. grein orðist þannig:

- a. Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip greiði kr. 2.50 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiði lestagjald einu sinni á ári, kr. 200.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 1 000.00. Gjaldtagi er 1. apríl eða eftir að báturinn hefur verið gerður út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

31. grein orðist þannig:

Bryggjugjald.

- a. Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða bryggjugjald kr. 1.50 af hverri brúttórúmllest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið, þó aldrei minna en kr. 50.00 um sólarhringinn.
- b. Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftari en 10 sinnum á mánuði.
- c. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekkert bryggjugjald.
- d. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

36. grein orðist þannig:

Hafnsögugjald.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar að bólvirki eða lægi, kr. 800.00 fyrir hvert skip, auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmllest.
Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi úr höfninni greiðist sama gjald og enn fremur fyrir leiðsögn milli hafna í Keflavík og Njarðvík.
- b. Fyrir leiðsögn um innri höfn skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a).
- c. Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 34. gr., greiða kr. 150.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

40. grein orðist þannig:

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- b. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.
- d. Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.

5. gr.

43. grein orðist þannig:

Vörugjaldskrá.**1. flokkur:**

- a. Gjald kr. 40.00 fyrir hver 1 000 kg:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn, svo sem kol, laust korn, salt, sement, vikur.

- b. Gjald kr. 39.00 fyrir hver 1 000 kg:

Oliur til eldsneytis og hreyfla, benzin.

c. Gjald kr. 70.00 fyrir hver 1 000 kg:

Dungavarningur, svo sem sekkjavörur, lítt unnar byggingavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, óunnið hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsoliur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. flokkur:

Gjald kr. 150.00 fyrir hver 1 000 kg:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. flokkur:

Gjald kr. 400.00 fyrir hver 1 000 kg:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, snyrtivörur.
- c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. flokkur:

Gjald kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. flokkur:

Gjald 1% af aflaverðmæti:

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Aflagjald skal koma til framkvæma í tveim áföngum, þannig að á árinu 1973 verði það 0.5%, en frá 1.1. 1974 1%.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.